



Nefndasvið Alþingis

Ágæti viðtakandi.

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/1353**  
**komudagur 8.2.2008**

Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps tók til umsagnar tillögu til þingsályktunar um friðlandið í Þjórsárverum og verndun Þjórsár á fundi sínum 5.02.08. Sveitarstjórn samþ. samhljóða eftirfarandi umsögn.

Bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlandið í Þjórsárverum.

Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps telur villandi og óraunhæft að blanda saman verndun Þjórsárvera annrs vegar og virkjanaáform í neðrihluta Þjórsár hins vegar eins og gert er í þingsályktunartillögunni. Bent er á að Alþingi hefur veitt Landsvirkjun virkjanaleyfi við Norðlingaöldu þannig að fyrst verður að nást um það pólitísk samstaða að fella úr gildi ef hægt á að vera að friða þann hluta svæðisins. Sveitarstjórn styður breytingar á friðlandsmörkum Þjórsárvera en leggur áherslu á að það sé gert í samráði við heimamenn.

Jafnframt bendum við á að því friðlandi sem er fyrir er lítil sómi sýndur af hálfu hins opinbera, viljum við benda á að eðlilegt sé að einhver landvarsla sé á svæðinu og teljum eðlilegt að hún sé undir forsjá Skeiða-og Gnúpverjahrepps.

Þetta tilkynnist hér með.

Árnesi 5.02.08.

Virðingarfyllt.

Sveitarstjóri Skeiða-  
og Gnúpverjahrepps